

Fundur haldinn 13. október 2015 í Hermes Reyðarfirði kl. 10:00. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Málefni fatlaðs fólks
2. Undirbúningur aðalfundar
3. Önnur mál

1. Málefni fatlaðs fólks.

Helga Þórarinsdóttir mætti á fundinn. Rætt almennt um stöðu málaflokksins, fjármál og verkefni sem eru í gangi og eru framundan. Málaflokkurinn er rekinn í góðu jafnvægi en staðan er heldur að þyngjast sem rekja má m.a. til veikari einstaklinga. Vinna við fjárhagsáætlun stendur yfir en upplýsingar um framlög úr Jöfnunarsjóði liggja ekki enn fyrir sem gerir alla fjárhagsáætlunarvinnu erfiða.

Kynnt voru nokkur atriði úr fundargerð síðasta fundar þjónustuhóps SKA og samþykktir lagðar fyrir framkvæmdastjórn. Þjónustuhópurinn ræddi m.a. hvort samræma þurfi reglur á svæðinu um grunnþjónustu áður en til sértækrar þjónustu kemur en skv. núverandi reglum er ákveðið misræmi milli sveitarfélaga á þjónustusvæðinu, þ.e. hversu margir tímar eru veittir í grunnþjónustu. Framkv.stjórn mun skoða það frekar. Þá var bókun félagsmálanefndar á Fijótsdalshéraði um verulega aukinn launakostnað vegna leiðréttingar á starfsmati í síðustu kjarasamningum, rædd. Framkvæmdastjórn telur eðlilegt að senda Jöfnunarsjóði ósk um leiðréttingu á framlögum í samræmi við aukinn kostnaðar við málaflokkinn og ítreka að upplýsingar um framlög liggja fyrir fyrir en nú er. Helga vék af fundi kl. 10:50.

2. Undirbúningur aðalfundar.

Forstöðumaður kynnti framkvæmdastjórn drög að ársreikningi 2014 og drög að fjárhagsáætlun 2016. Framkvæmdastjórn samþykkti að leggja ársreikninginn og fjárhagsáætlunina fyrir næsta stjórnarfund og aðalfund skrifstofunnar til samþykktar.

Ákveðið var að boða til stjórnarfundar þann 06. nóvember næstkomandi kl. 12:00 á Borgarfirði og aðalfund sama dag, í framhaldi af stjórnarfundi, kl. 13:00.

3. Önnur mál.

Forstöðumaður greindi frá síðasta stöðu verkefninsins Bættur námsáragur á Austurlandi.

Verkefnið gengur vel og samkvæmt áætlun.

Námskeið í haust voru vel sótt og verið er að skoða hvort skólar sameinist um að taka upp verkefnið Orð af orði.

Kolbjörg Lilja sálfræðingur mun fara í fæðingarorlof frá og með mars 2016 og er því þörf á að auglýsa stöðuna tímabundið. Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur stundar nú með starfi, sérnám í hugrænni atferlismeðferð fyrir sálfræðinga og geðlækna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:35

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson